

**416. fundur Hreppsnefndar Tálknafjarðarhrepps haldinn að Miðtúni 1,
Tálknafirði, miðvikudaginn 12. maí 2010 og hófst hann kl. 17:00**

Fundinn sátu:

Eyrún Ingibjörg Sigbórsdóttir (EIS), Guðni Ólafsson (GÓ), Bragi Geir Gunnarsson (BGG), Birna Benediktsdóttir (BB), Ása Jónsdóttir (ÁJ), Björgvin Sigurjónsson (BS),

Fundargerð ritaði: Ása Jónsdóttir , ritari

Dagskrá:

1. 1005037 - Prókúra til handa Steinunni Birnu Friðriksdóttur starfmanni á skrifstofu

Steinunni Birnu Friðriksdóttur, starfsmanni á skrifstofu veitt fullt og ótakmarkað umboð til aðgangs, í gegnum heimabanka, að tveim tékkareikningum Tálknafjarðarhrepps hjá Sparisjóðnum í Keflavík (1118).Samþykkt einróma.

2. 1005035 - Álit starfshóps um samrekstur skóla á Tálknafirði

Hreppsnefnd lýsir ánægju með vinnu starfshópsins undir forystu skólastjóra, hreppsnefnd telur nauðsynlegt að gerð verði þarfagreining á starfsemi sameinaðs skóla og vísar málinu til skólanefndar til umsagnar. Samþykkt samhljóða.

3. 1005013 - Ársreikningur Tálknafjarðarhrepps og stofnana hans fyrir árið 2009

Ársreikningur Tálknafjarðarhrepps og stofnana 2009 lagður fram til síðari umræðu.

Farið var yfir helstu lykiltölur fyrir árið 2009: Ársreikningur Tálknafjarðarhrepps og stofnana hans fyrir árið 2009 var lagður fram til fyrri umræðu á 414. fundi hreppsnefndar 5.maí 2010. Oddviti fór yfir helstu niðurstöður ársreikningsins sem eru að heildarrekstrartekjur sveitasjóðs og stofnana hans voru 218,5 millj.kr. og rekstrargjöld 215 millj.kr. Rekstrarniðurstaða var því jákvæð um 3,3 millj.kr. borið saman við 10,1 millj.kr. halla sem áætlað var samkvæmt fjárhagsáætlun ársins. Veltufé frá rekstri nam 12,8 millj.kr. og handbært fé frá rekstri 4 millj.kr. Handbært fé í árslok 9,9 millj.kr. Eigið fé í árslok er 169 millj.kr. og lækkar um 45,1 millj. kr. milli ára, lækkun vegna halla ársins 70 millj.kr en á móti kemur til hækkunar innfærsla á endurmati lóða og lenda 25,9 millj.kr. samkvæmt ákvörðun reikningssskilanefndar þar um.

Rekstur sveitarfélagsins. Skatttekjur urðu 96,8 millj.kr. eða 16,6 millj.kr. hærrí en áætlað var. Laun og launatengd gjöld voru 109,5 millj.kr., almennur rekstrarkostnaður 92,8 millj.kr., afskriftir 13 millj.kr. og nettó fjármagnskostnaður 73, millj.kr. Þeir málaflokkar sem mest tóku til sín voru fræðslumál með 92,6 millj.kr., æskulýðs- og íþróttamál 32,3 millj.kr.,

sameiginlegur kostnaður 29,9 millj.kr. Heildarskuldir sveitarsjóðs og stofnana hans námu 147,2 millj.kr. í árslok 2009
Langtímaskuldir við lánastofnanir 98,2 millj. kr og næsta árs afborganir 14,6 millj. kr., alls 112,8 millj. kr. borið saman við 117 millj.kr. í árslok 2008 og lækkuðu því skuldir um 4,8 millj.kr. á milli ára. Heildar veltufjármunir í árslok 2009 28,4 millj.kr. Heildar fastafjármunir voru 274,9 millj.kr. Eigið fé 169,1 millj.kr. Ársreikningur Tálknafjarðarhrepps og stofnana 2009 borinn upp til samþykktar og samþykktur samhljóða og staðfestur með undirritun.

4. 0811032 - Upplýsingagjöf framkvæmdarstjóra

- 1.Sumarstörf 2010, oddviti leggur fram reglur og skilmála vegna sumarstarfa og vinnuskóla við græn svæði.
- 2.Bréf frá Freyju Magnúsdóttur og varðar beiðni um að fá að nota merki Tálknafjarðarhrepps til merkingar á vörum ætluðum til minjagripasölu. Samþykkt samskonar beiðni til handa Rangláti ehf. á 407.fundi hreppsnefndar þann 27.október 2009. Freyju Magnúsdóttur heimilað að nota byggðamerki Tálknafjarðarhrepps á minjagripi til sölu. Freyja Magnúsdóttir ber allan kostnað af notkun merkisins. Samþykkt með 4 atkvæðum, Björgvin sat hjá.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 17:51
